

Þrítugasti og fyrsti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 27. júní 2017 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Maríanna Hugrún Helgadóttir, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Melkorka Sigurðardóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri gistingar í sumarhúsi að Hjarðarholtsvegi 26 í Kjósarhreppi. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 1. júní 2017.
„Staðfest“.
- b. Gunnar Ingi Björnsson, f.h. Golfklúbbs Mosfellsbæjar, sækir um nýtt starfsleyfi fyrir golfskála með veitingastofu og veitingaverslun, að Æðarhöfða 36 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 þann 9. júní 2017.
„Staðfest“.
- c. Árni Gunnarsson, f.h. Íslenskrar jarðhitatekni ehf., sækir um nýtt starfsleyfi fyrir vélsmiðju að Völuteigi 27, Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu í stjórnartíðindum nr. 582/2000.“
- d. Jóhanna B. Hansen, f.h. Mosfellsbæjar, sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir fráveitu Mosfellsbæjar.
„Samþykkt til 12 ára með vísun í gildandi reglugerð um fráveitur og skólp.“

2. Umsagnir fyrir veitinga, gististaði og flugeldasýningar

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 2. mars 2017 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi fyrir dansleik í Íþróttamiðstöðinni á Seltjarnarnesi þann 29. apríl. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 24. apríl 2017.
„Staðfest“.
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 11. maí 2017 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II tegund veitingastofa/greiðasala í golfskála Golfklúbbs Mosfellsbæjar að Bakkakoti í Mosfellsbæ.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 30. maí 2017.

„Staðfest“.

- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 11. maí 2017 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II tegund veitingastofa/greiðasala fyrir Golfklúbb Mosfellsbæjar í golfskálanum að Hlíðarvelli í Mosfellsbæ.

Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 9. júní 2017.

„Staðfest“.

- d. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 6. júní 2017 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki IV tegund hótél, að Hótel Laxnesi Háholti 7 í Mosfellsbæ.

Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 23. júní 2017.

„Staðfest“.

3. Umsagnir um skipulagsmál

- a. Ljósleiðari frá Gljúfrasteini á Skálafell.

Lagður fram tölvupóstur skipulagsfulltrúa dagsettur 15. maí 2017 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlits um ofangreinda framkvæmd.

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 22. maí 2017.

- b. Umsögn um deiliskipulag tengivirkis við Sandskeið. Lagður fram tölvupóstur skipulagsfulltrúa dagsettur 17. maí 2017 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlits um ofangreinda framkvæmd.

Lagt fram bréf framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 22. maí 2017.

„Heilbrigðisnefnd áréttar bókun nefndarinnar frá 9. febrúar 2017 og kallar eftir staðfestingu þess efnis að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðli starfseminnar sbr. 25. gr. samþykktar nr. 555/2015 um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.“

- c. Borgarlína, breytingar á aðalskipulagi, vinnslutillaga.

Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dagsett 30. maí 2017 þar sem óskað er umsagnar um málið.

„Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir um vinnslutillöguna á þessu stigi.“

- d. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dagsett 13. júní 2017 þar sem gerð er grein fyrir ákvörðun um matsáætlun fyrir meðferð og förgun geislavirkra útfellinga frá Reykjanesvirkjun. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis gerði umsögn um matsáætlunina með bréfi dagsettu 19. apríl 2017.

4. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2016

Ársreikningur 2016 lagður fram.

„Samþykkt.“

5. Leyfi fyrir nýjum hreinsibúnaði í sundlaugar

Lagt bréf bréf Óskars Gísla Sveinssonar, f.h. Mosfellsbæjar þar sem óskað er eftir leyfi til að nota Defender hreinsibúnað í stað sandsía í Varmárlaug.

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 30. maí 2017 þar sem fram kemur að ofangreindur búnaður er samþykktur til bráðabirgða til tveggja ára á grundvelli jákvæðrar umsagnar Umhverfisstofnunar dagsett 16. maí 2017 enda fari fram rannsókn á virkni búnaðarins hjá óháðum aðila á sama tíma til að tryggja virkni hans við íslenskar aðstæður.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

6. Fráveitumál að Tjaldanesi

Lagt fram bréf Lúðvíks Bergs Bárðarsonar dagsett 10. maí 2017 þar sem fráveitumál á Tjaldanesi eru kynnt og óskað eftir niðurfellingu dagsekta. Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis til Fylkis ehf. dagsett 29. maí 2017.

„Heilbrigðisnefnd hafnar því að fella niður dagsektir.“

7. Önnur mál

- a. Lögð fram endanleg innri úttektarskýrsla MAST á þjálfun og símenntun starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.
- b. Lögð fram 117. fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 17. maí 2017.